

Leikskóli Seltjarnarness

Starfsáætlun 2012 - 2013

Gildi Leikskóla Seltjarnarness



September og október

Skiplagt leikskólastarf hefst eftir aðlögun nýrra barna og starfsmanna. Ómur söngs og tónlistar heyrir um allt hús þegar Ólöf María tónlistarkennari kemur aftur til starfa eftir sumarleyfi. Í skapandi starfi er lögð áhersla á ýmis konar endurnýtanlegan efnivið. Breytingar á náttúrunni eru kannaðar, farfuglar kveðja og klæðnaður barnanna breytist. Haustverk leikskólans felast m.a. í því að setja niður lauka og tína laufblöð sem notuð eru í skapandi starfi og sem stoðefni í moltugerð. Einnig er tekið upp úr matjurtarbeðum leikskólans.

Kynningarfundur á vetrarstarfinu og aðalfundur foreldrafélagsins er í október.

Fjöruferðir og/eða upplifunarferðir eru farnar vikulega allt árið.

September

- 4. sept. Tónlistarstundir hefjast í samstarfi við Tónlistarskóla Seltjarnarness.
- 17. sept. Dagur íslenskrar náttúru (sem er 16.9.)
Afmælisdagur Ómars Ragnarssonar og gott tilefni til að fagna og þakka gjafir náttúrunnar.
- 24.-28. sept. Fjölmenningsvika í Sólbrekku.
- 28. sept. Alþjóðlegi tungumáladagurinn 26. sept. Samsöngur í sal 28.9. Sungin verða lög á tungumálum starfsmanna og barna af erlendum uppruna í leikskólanum.

Á hverjum föstudagsmorgni er fagnaðarfundur í sal sem deildir skólans skiptast á að undirbúa og stýra. Auglýst sérstaklega þegar foreldrum og aðstandendum er boðið til fundarins.

Október

- 1.-12. okt. Gular vikur í Mánabrekku - áhersla lögð á gula litinn.
- 2. okt. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María stjórnar.
- 18.+19. okt. Skipulagsdagur - leikskólinn lokaður.
- 23. okt. Íþróttahátíð Leikskóla Seltjarnarness.
- 26. okt. Alþjóðlegur bangsadayur (27. okt.) börnin koma með uppáhalds bangsann sinn í leikskólann - opið á milli deilda.

Aðalfundur foreldrafélagsins og kynning á vetrarstarfi leikskólans.

Nemendur 1. bekkja Mýrarhúsaskóla koma í heimsókn í leikskólann.

Fagnaðarfundir í sal.

Nóvember, desember og janúar

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur 16. nóvember á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar.

Í nóvember koma slökkviliðsmenn í heimsókn og fræða elstu börnin um eldvarnir.

Það stýttist í aðventuna með tilheyrandi jólaundirbúningi.

Í desember fellur hefðbundið hópastarf niður, lögð er áhersla á að skapa rólegt andrúmsloft og njóta friðsældar á aðventu.

Sólbrekka fer í kirkjuheimsókn en Mánabrekka fær prestinn í heimsókn. Ráðstafanir gerðar ef óskað er eftir því að börn fari ekki í kirkju.

Jólasveinarnir birtast einn af öðrum frá 12. desember og fram til jóla.

"Litlu jólin" eru haldin með tilheyrandi söng og dansi og sveinki kemur að sjálfsögðu í heimsókn.

Gamla árið kveður og nýju er fagnað. Þorri hefst á bóndadegi og þorrablót er haldið í leikskólanum.

Nóvember

- 1. nóv. Nemendur Tónlistarskóla Seltjarnarness koma í heimsókn og leika á hljóðfæri.
- 5. nóv. Slökkviliðsmenn koma í heimsókn og fræða elstu börnin um forvarnir o.fl.
- 5.-16. nóv. Áhersla lögð á íslenskt mál, bæði mælt og ritað. Á degi íslenskrar tungu 16.nóv. er dagskrá í sal, börnin syngja og flytja ljóð eftir Jónas Hallgrímsson sem þau hafa lært í tilefni dagsins.
- 6. nóv. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María stjórnar.
- 19.-30. nóv. Rauðar vikur í Mánabrekku - áhersla lögð á rauða litinn.
- 30. nóv. Samsöngur í sal. Í tilefni fyrsta sunnudags í aðventu er m.a. sungið „Við kveikjum einu kerti á“.

Fagnaðarfundir í sal.

Desember

- 3.- 15. des. Börnin búa til jólas kraut.
- 6. des. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María stjórnar.
- 3.-7. des. Kaffihúsavika - Deildir fara í Vallarhús til skiptis og fá kakó og kleinur.
- 11. des. Stekkjastaur kemur til byggða.
- 18. des. Litlu jólin. Dansað í kringum jólatré, jólasveinn kemur í heimsókn.
- 21. des. Vetrarsólstöður - blysför og söngur á hól.

Jólatónleikar í Tónlistarskóla Seltjarnarness.

Fagnaðarfundir í sal.

Janúar

- 4. jan. Þrettándinn 6.1. - samsöngur í sal þar sem jólin eru kvödd.
- 8. jan. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María stjórnar.
- 14. jan. Undirbúningur fyrir Þorrablótið hefst - Víkingahattar búnir til, „Þorrapræll“ æfður.
- 14.-25. jan. Bláar vikur í Mánabrekku.
- 25. jan. Bóndadagur - Þorri byrjar, pabbar og afar velkomnir í kaffi. Sameiginlegt borðhald þar sem því er við komið.
- 21. jan. Búningagerð fyrir öskudag hefst á eldri deildum.

Foreldraviðtöl í janúar, febrúar og mars, foreldrar eru boðaðir skriflega.

Börn fædd 2006 fara í heimsókn í skólaskjól Mýrarhúsaskóla.

Fagnaðarfundir í sal.

Febrúar og mars

Almanakið minnir okkur á að bolludagur er framundan með tilheyrandi bollluáti. Sprengidagur fylgir í kjölfarið "saltkjöt og baunir tókall". Öskudagur er mikill hátíðisdagur þar sem allir skemmta sér af bestu lyst. Eldri börnin búa til sín eigin furðuföt, yngri börnin koma í náttfötum og góðgæti er slegið úr "tunnunni". Greinar eru klipptar og settar í vatn og fylgst er með laufgun.

Febrúar

- 4. feb. Skipulagsdagur - leikskólinn lokaður.
- 6. feb. Dagur leikskólans - gerum okkur dagamun í tilefni dagsins, elstu börnin flytja Tröllasöngleik. Opið á milli Sól- og Mánabrekku.
- 11. feb. Bolludagur - fiskibollur í hádeginu og rjórabollur síðdegis að íslenskum sið.
- 12. feb. Sprengidagur - í hádeginu er boðið upp á saltkjöt og baunir samkvæmt hefðinni.
- 13. feb. Öskudagur - furðufataball - leikrit í flutningi kennara og starfsfólks - opið á milli deilda.
- 22. feb. Í tilefni konudagsins eru mömmur og ömmur boðnar velkomnar í kaffi.

Foreldraviðtöl í febrúar og mars, foreldrar eru boðaðir skriflega.

Í lok febrúar fara börn fædd 2006 aftur í heimsókn í Mýrarhúsaskóla, skoða skólann m.a. bókasafnið og skólaskjól.

Fagnaðarfundir í sal.

Mars

- 5. mars Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María stjórnar.
- 11.-22. mars Stærðfræði- og vísindavikur í Sólbrekku.

Börn í 1. bekk Mýrarhúsaskóla koma í heimsókn.

Nemendur úr Tónlistarskólanum halda tónlistaræfingu í sal.

Fagnaðarfundir í sal.

Apríl, maí og júní

Vetur kveður, sumardagurinn fyrsti, elsti hátíðisdagur Íslendinga rennur upp. Vakin er athygli á breytingum í náttúrunni. Gróður, mold og sáning eru meginviðfangsefni þessa tímabils. Sumarhátíð Leikskóla Seltjarnarness er haldin í Bakkavör og grillhátíð foreldrafélagsins með tilheyrandi skemmtun. Þjóðhátíðardagur íslendinga 17. júní er undirbúinn með fræðslu um fánann, land okkar og þjóð.

Frá byrjun apríl til sumarlokunar leikskólans einkennist starfið af fugla- og gróðurþema.

Fræ og útsæði er sett niður og fylgst með þegar fræin fara að spíra.

Útivera eykst jafnt og þétt eftir því sem sól hækkar á lofti.

Útival í boði á föstudögum í júní.

Apríl

- 2.-19. apríl Grænar vikur í Mánabrekku - áhersla lögð á græna litinn og forræktun ýmissa jurta hefst.
24. og 26. Skipulagsdagar - leikskólinn er lokaður báðum dögum.
29. apríl Degi umhverfisins verður fagnað með ýmsu móti þessa viku en 25. apríl er fæðingardagur Sveins Pálssonar (1762) fyrsta íslenska náttúrufræðingsins sem fyrstur orðaði á íslensku þá hugsun sem nú kallast sjálfbær þróun. Leikskólalóðin og umhverfi hans snyrt.

Í apríl fara börn fædd 2006 í þriðja skipti í Mýrarhúsaskóla. Í þetta sinn heimsækja þau 1. bekkinga í skólastofum þeirra. Þau taka þátt í einni kennslustund og fá afhenta bók með verkefnum sem þau vinna í. Börnin hafa með sér nesti og fara með öðrum nemendum út í frímínútur.

Fagnaðarfundir í sal.

Mái

Í maí er „vorfagnaður“ á öllum deildum - foreldrum og aðstandendum er boðið að hlýða á söng og sjá hluta af vinnu nemenda. Dagsetningar auglýstar síðar.

27. maí Útskriftarferð elstu barnanna - farið verður að Úlfljótsvatni.
29. maí Útskriftarhátíð barna fædd 2007 í Félagsheimilinu, foreldrar, ömmur, afar og systkini velkomin.

Sveitaferð að Bjarteyjarsandi með börn fædd 2008.

Umferðarskólinn verður í boði fyrir elstu börnin.

Í lok maí og byrjun júní eru kartöflur settar niður og grænmeti gróðursett.

Júní

5. júní Alþjóðlegi umhverfisdagurinn - moltutunnur tæmdar í trjábeðin og hlúð að gróðri.
- 11.-15. júní Þjóðhátíðarpema - fræðsla, föndur og skrúðganga.
15. júní Sumarhátíð Leikskóla Seltjarnarness í Bakkagarði.
19. júní Bleikur dagur - þennan dag fengu konur kosningarétt árið 1915.

Vorferð með börn fædd 2009 í Reykjanesbæ. Þar verður Skessan heimsótt og farið í skógarferð í Sólbrekkuskóg.

Brekkusöngur alla þriðjudaga í júní- opið á milli garða í Sól- og Mánabrekku þriðjudaga og fimmtudaga fyrir hádegis.

Útival alla föstudaga í júní.

„Krakkahestar“ koma í heimsókn í boði foreldrafélagsins.

Foreldrafélagið heldur sína árlegu fjölskylduhátíð.